



Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2019

*Tilvísun:* 1911088/0.7.6

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um þyrlupall á Heimaey – 54. mál

Landhelgisgæsla Íslands styður fram komna tillögu um að þyrlupallur verði byggður á Heimaey og telur þetta afar brýnt öryggismál. Aðkallandi sjúkraflug sem Landhelgisgæslan hefur farið í síðastliðin ár skipta tugum og hafa þyrlur Landhelgisgæslunnar oft þurft að lenda við afar erfðar aðstæður þegar flugvöllurinn er lokaður allri umferð. Það væri mikið skref í öryggisátt að þyrlupallur yrði settur upp, en það skiptir einnig miklu máli að tryggt sé að vel skilgreind þjónusta fylgi þyrlupallinum eins og sjálfvirk veðurstöð, ljósabúnaður og blindaðflug, til að tryggja góða nýtingu á þessari fjárfestingu. Þá er nauðsynlegt að staðsetning þyrlupalls verði ákveðin í samráði við Landhelgisgæslu Íslands.

Virðingarfyllst,

Guðríður Kristjánsdóttir  
Yfirlögfræðingur